



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Bjarnadóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 19. október 2016
UST201610-110/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - flugvöllur í Skaftafelli – breyting. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Verið er að festa í sessi flugvöll sem hefur verið á núverandi stað í 25 ár. Einnig er gerð grein fyrir mögulegum viðbótum við núverandi byggingar við flugvöllinn.

Flugvöllurinn er staðsettur á gróðurlitlum jökulaur nærrí fjölförnum ferðamannastað. Talið er að flugvöllurinn hafi óveruleg sjónræn áhrif og sé lítt áberandi á víðáttumiklum jökulaurnum. Í greinargerð kemur fram að rekstur flugvallarins muni þjóna ferðamönnum á svæðinu.

Hér er um að ræða flugvöll og mannvirki sem verið hafa á sínum stað nokkuð lengi. Sjónræn áhrif þessar mannvirkja eru lítil og áhrif staðsetningar á gróðurlitlum jökulaur hefur lítil áhrif á náttúrufar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur